

Föstudaginn 12.maí 1989.

Nr. 371/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Ágústssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1988. Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar sem verði þyngd frá því sem ákveðið var í héraðsdómi, svo og að hann verði sviptur ökuréttindum og dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt:

1. Bréf ríkissaksóknara 14. september 1988 til lögreglustjórans í Reykjavík. Með bréfinu var lögreglustjóranum sent ljósrít dómsgerða sakadóms Reykjavíkur í máli þessu. Í því segir m.a.: „Í framburði dómþola kemur fram, að augnlæknir hans hefur bannað honum að aka bifreið að óbreyttu ástandi sjónar hans og hann hafi ekkert ekið bifreið eftir slysið. Með vísan til 53. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sýnist ástæða til að beina því til yðar, að kannað verði, hvort ákærði teljist fullnægja skilyrðum til þess að hafa ökuleyfi. Gögnin óskast endursend embættinu sem allra fyrst ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar könnunar og eftir atvikum ákvörðun yðar.“

2. Skýrsla lögreglunnar í Reykjavík þess efnis, að hinn 2. nóvember 1988 hafi lögreglustjórinn með vísan til 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ákveðið að afturkalla ökuréttindi ákærða og hann skilað ökuskírteini sínu þann dag. Ekki verður séð að nein könnun hafi áður farið fram.

3. Vottorð sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum um arfgengan sjúkdóm ákærða og einkenni hans, dagsett 22. nóvember 1988.

4. Þrjú vottorð augnlækna um sjón ákærða, dagsett 19. janúar 1988, 7. september 1988 og 20. mars 1989. Í hinu elsta þeirra segir: „Álit: Besta sjón á hægri og vinstra auga er 6/24 og fullnægir því sjúklingur ekki skilyrðum reglugerðar um ökuleyfi.“

5. Endurrit framhaldsprófa í máli þessu, sem fram fóru í saka-dómi Reykjavíkur í apríl 1989. Ákærði kom fyrir dóm, farþegar í bifreið hans og stjórnendur tveggja bifreiða, sem komu úr gagn-stæðri átt og sáu, er bifreið ákærða rakst á ljósastaurinn. Þá komu fyrir dóm lögreglumenn, er fóru á slysstað.

6. Ljósrit af ökuskirteini ákærða, út gefnu 19. mars 1981. Þar kemur ekki fram að ákærði eigi að nota gleraugu við akstur. Það var fyrst gefið út 14. maí 1956.

II.

Farþegum í bifreið ákærða og sjónarvottum að slysinu ber saman um, að ákærði hafi ekki ekið bifreið sinni ógætilega hratt. Hins vegar fylgdi hann vegarbrún inn á útskot við viðkomustað strætis-vagna og ók bifreið sinni viðstöðulaust á ljósastaur handan við útskotið. Verður að meta honum það til gáleysis.

Samkvæmt læknisvottorðum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, verður að telja líklegt að slysið verði einnig rakið til sjóndepru ákærða. Hins vegar var ekki ákært fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. og 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og koma þau ákvæði ekki til athugunar í máli þessu. Eins og hér stóð á hefði í ákæru einnig átt að vísa til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1987.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru er lýst, og brotið gegn þeim lagaákvæðum, er þar greinir.

Ekki leysir það ákærða undan refsingu að hinn látni vildi eigi nota bílbelti. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eins og mál þetta lá fyrir sakadómi bar að svipta ákærða ökurétt-indum. Svo sem að framan greinir afturkallaði lögreglustjórinn í

Reykjavík ökuréttindi ákærða hinn 2. nóvember 1988. Krafa ákærvalds um sviptingu ökuréttinda kemur því ekki lengur til álita í máli þessu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Skúli Ágústsson, greiði 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, til ríkissjóðs, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1988.

Ár 1988, mánudaginn 13. júní, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 339/1988: Ákærvaldið gegn Skúla Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. maí 1988, gegn ákærðum, „Skúla Ágústssyni, Otrateigi 4, Reykjavík, fæddum 11. september 1936 þar í borg, fyrir að aka, í myrkri að morgni mánudagsins 4. janúar 1988, bifreiðinni R 53359 austur Suðurlandsbraut í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst á ljósastaur sunnan við götuna, skammt austan við Vegmúla. Við það hlaut Ingimundur Brynjólfsson, fæddur 9. maí 1920, sem var farþegi í framsæti bifreiðarinnar, svo mikla áverka innvortis að hann lést stuttu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 2. mgr., staflíði a og b, 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. og 3. mgr., staflíði a og b, 49. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1956 27/6 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.

1956 11/8 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1956 7/12 í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðal.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni mánudagsins 4. janúar 1988 klukkan 7.08 barst lögreglu tilkynning um umferðarslys á Suðurlandsbraut, skammt austan við Vegmúla hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði ákærði ekið bifreiðinni R 53359 á ljósastaur austan við biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur, þar sem útskot er á veginum. Samkvæmt lögregluskýrslu var myrkur, en lýsing góð. Yfirborð vegar var malbikað og þurrt. Bifreiðin reyndist ökufær, og hemlar hennar virtust í lagi. Hemlaför saúst ekki. Farþegi, sem verið hafði í framsæti bifreiðarinnar, var fluttur á slysavarðstofu, en reyndist látinn er þangað var komið.

Vitnið Vigdís Jónsdóttir öryrki, Hátúni 10A, Reykjavík, kvaðst hafa verið farþegi í bifreið ákærða og setið í aftursæti. Vitnið taldi, að ákærði hefði ekið á löglegum hraða. Vitnið gat ekkert borið um tildrög slyssins, enda hefði það „vankast“ við áreksturinn.

Vitnið Óskar Þorkelsson kjötiðnaðarmaður, Snælandi 5, Reykjavík, kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsbraut greint sinn. Vitnið fullyrti, að ákærði hefði ekið á venjulegum ökuhraða í gagnstæða átt. Hann hefði fylgt götubrún og ekið inn á útskot strætisvagna rétt austan Vegmúla. Vitnið tók fram, að útskot þetta sé að þess mati „slysagildra“ og geti hreinlega ruglað ökumenn, sem fylgi vegbrún, einkum í myrkri, og ljósastaurinn, sem bifreiðin hafnaði á, hafi verið dökkur og ekkert auðkenndur. Að mati vitnins voru ökuskilyrði sæmileg.

Vitnið Einar Einarsson verkamaður, Völvufelli 22, Reykjavík, ók einnig bifreið vestur Suðurlandsbraut. Það kvað ákærða hafa sveigt inn á útskotið og hafnað á staurnum. Vitninu fannst ökuhraði bifreiðar ákærða eðlilegur.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 6. janúar 1988, og var framburður hans þá meðal annars á þessa leið:

„Umræddan morgun kveðst hann hafa lagt af stað að heiman frá sér kl. um 6.45 áleiðis upp að Reykjalandi, þar sem hann segist starfa við iðnað. Kvöldinu áður segir hann Ingimund Brynjólfsson hafa hringt í sig og beðið sig að koma við um morguninn og taka sig með upp eftir, en hann segir, að þeir hafi unnið saman í plastdeild. Hann segir, að Ingimundur hafi sest í framsætið farþega megin, og hefði hann svo ekið, sem leið liggur, upp Laugarnesveg frá Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12, þar sem Ingimundur hafði komið upp í bílinn.

Þá er Ingimundur settist upp í bílinn, kveðst ákærði hafa farið fram á það við hann að spenna um sig öryggisbeltið, en svör hans hafi verið á

þá leið að hann vildi ekki nota það. Kveðst hann hafa ekið af Laugarnes-vegi til vinstri austur Laugaveg og numið staðar við biðstöð SVR á Laugavegi móts við Sjónvarphúsið, en þar segir hann hjónin Vigdís Jónsdóttur og Geirfinn Sigurgeirsson hafa staðið. Kveðst hann hafa boðið þeim far með upp eftir, en þar segir hann þau starfa við sama iðnað. Segir hann Ingimund hafa farið út úr bifreiðinni, sem er tvennra dyra, og hleypt þeim hjónum inn, en þau settust í aftursætið. Í framhaldi af því segir hann Ingimund hafa sest í framsætið án þess að spenna á sig öryggisbeltið. Sjálfur kveðst ákærði hafa spennt það á sig og ók því næst af stað austur Laugaveg og áfram eftir Suðurlandsbraut.

Hann kveðst aðspurður hafa ekið austur nefnda braut á um 40 km hraða m.v. klst. Kveðst hann hafa fylgt hægri vegbrún og ekki hafa áttað sig á því, er hann ók austur fyrir mót Vegmúla, að hann var kominn inn á útskot biðstöðvar SVR. Þar segist hann hafa lent með bílinn upp á steyptum kanti og í framhaldi af því á ljósastaur sem hann kveðst ekki hafa tekið eftir.

Aðspurður kveðst ákærði hafa haldið ferðinni og ekki stigið á fóthemilinn og hefði bifreiðin lent á staurnum af miklu afli. Þá er atburðir gerðust, kveðst hann hafa misst minnið og man svo, að maður hafði komið að, sem sagði honum að sitja rólegum þangað til sjúkralið og lögreglan kæmu á staðinn.

Ákærði kveðst hafa séð, að Ingimundur lá utan í hurðinni og virtist vera alveg meðvitundarlaus, en segir hjónin í aftursætinu hafa verið meðvituð um hvað gerst hafði.

Ákærði kveðst hafa verið fluttur á Slysadeild og þar gert að sári sínu, sem var skurður ofan við v. augabrún. Hann kveðst einnig hafa hlotið mar og er lerkður í líkama eftir.“

Fyrir dómi skýrði ákærði þannig frá atvikum málsins, að greint sinn hefði hann ekið bifreiðinni R 53359 austur Suðurlandsbraut á um 40 km hraða miðað við klukkustund, alveg við hægri brún vegar sem verið hafi allvel lýstur. Af einhverri óaðgæslu hefði hann ekið inn á útskot fyrir strætisvagn og hafnað á rafmagnsstaur. Ekkert hefði truflað akstur sinn. Ákærði, sem er öryrki, kvaðst hafa verið vanur að aka aðra akstursleið í vinnuna, og því hefðu sér ekki verið kunnir staðhættir á slysstað. Ákærði kvaðst hafa skerta sjón, en haft fullgild ökuréttindi og notað viðeigandi gleraugu greint sinn. Eftir slysið hefði hann farið til augnlæknis, sem bannað hefði sér að aka bifreið að óbreyttu ástandi, og hefði hann því ekkert ekið eftir að slysið varð.

Ályktun Gunnlaugs Geirssonar prófessors, sem krufði lík Ingimundar Brynjólfssonar, er svofelld:

„Krufningin sýndi mikinn áverka á brjósthól með rifbrotum, rifu á lunga

og rifu á meginslagæð. Einnig voru áverkar á kviðarholslíffæri, einkum lifur, sem var rifin. Blæðingarnar, sem urðu við áverkana, leiddu til dauða mannsins. Krufningin sýndi menjar eftir skemmd í heila, en vel grónar og hafa ekki verið meðverkandi í dauða mannsins.“

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst og þar færð til réttra lagaákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ekki þykja efni til að svipta ákærða ökuréttindum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Ágústsson, greiði 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.
